

Utanríkismálanefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Akureyri, 11.5.2021
Tilv.: 2105023

Efni: Tillaga til þingsályktunar um aukið samstarf Grænlands og Íslands, umsögn Háskólans á Akureyri.

Utanríkismálanefnd Alþingis sendi Háskólanum á Akureyri til umsagnar tillögu til þingsályktunar um um aukið samstarf Grænlands og Íslands, þingskjal 1274 — 751. mál.

Háskólinn á Akureyri tekur undir greinargerð þá sem tillögunni fylgir, sem og þeirri niðurstöðu sem fram kemur í ítarlegri skýrslu Grænlandsnefndar utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra, að hagsmunir landanna fara vel saman á þeim samstarfssviðum sem horft er til.

Háskólinn á Akureyri vill koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum við tillögur úr skýrslunni:

4. Uppbygging fjarnáms

Háskólinn á Akureyri og háskólinn í Nuuk, Ilisimatusarfik, hafa átt gott og ánægjulegt samtal um innleiðingu fjarnáms, að frumkvæði Ilisimatusarfik. Háskólinn á Akureyri er tilbúinn í slíkt samstarf, skipulagt út frá forsendum Ilisimatusarfik. Samstarfssjóðir, sem tryggt geta fjárhagslegan grundvöll fyrir slíkt tilraunaverkefni um innleiðingu fjarnáms og stafrænnar miðlunar, myndu verulega styðja við forsendur slíks samstarfs.

Báðir skólarnir, Háskólinn á Akureyri og Ilisimatusarfik, eru hluti af Samtökum háskóla smærri þjóða, en það er Fróðskaparsetur Føroya raunar líka. Þessar þrjár stofnanir eiga enda margt sameiginlegt og verður spennandi að vinna með Ilisimatusarfik á þeim vettvangi.

9. Samningur á heilbrigðissviði

Þegar horft verður til samstarfs landanna á heilbrigðissviði telur Háskólinn á Akureyri að byggja megi á grunni samvinnu Sjúkrahússins á Akureyri – SAK og Háskólans á Akureyri, og á sérstöðu beggja stofnana, þegar kemur að heilsu og velferð á norðurslóðum.

Jafnt aðgengi, stafvæðing og fjölbreytt heilbrigðisþjónusta í dreifbýli eru áherslumál sem móta nám og rannsóknir á Heilbrigðisvísindasviði Háskólans á Akureyri. Þetta eru áherslumál sem íslensk og grænlenk stjórnvöld geta sameinast um og byggt sitt samstarf á.

Þá er rétt að nefna að Háskólinn á Akureyri er um þessar mundir að undirbúa klínískt meistaranám í geðhjúkrun og þar má sannarlega finna samstarfsflöt, þegar hugað er að geðheilbrigðismálum.

Virðingarfyllt,



Eyjólfur Guðmundsson, rektor